

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka atvinnulífsins
og
Félags vélstjóra og málmæknimanna
um kaup og kjör vélstjóra á kaupskipum

1. gr.

Samningstími

Síðast gildandi kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Vélstjórafélags Íslands, nú Félags vélstjóra og málmæknimanna hins vegar framlengist til 30. nóvember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsvið

Kjarasamningur þessi milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Félags vélstjóra og málmæknimanna hins vegar kveður á um laun og önnur starfskjör yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavaraða á kaupskipum sem eru í millilandasiglingum.

2. gr.

Við upptöku launataxta sniðinna að fastlaunakerfi falla sérákvæði 26. kafla niður og sérstaklega tilvitnaðar greinar í 2. og 3. mgr. greinar 1.7. og í stað greina 1.1. – 1.4. komi:

Mánaðarlaun

Mánaðarlaun fastlaunasamnings yfirvélstjóra fara skv. eftirfarandi flokkun:

A flokkur: Yfirvélstjóri er undanþeginn kallvakt og bakvakt I utan heimhafnar og bakvakt II í heimahöfn.

B flokkur: Yfirvélstjóri tekur kallvakt og bakvakt I utan heimahafnar og bakvakt II í heimahöfn á móti 1. vélstjóra.

Mánaðarlaun fastlaunasamninga yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavaraða fyrir óskilgreindan vinnutíma á sigldan mánuð fara skv. hjálögðum launatöflum. Gert er ráð fyrir sama vinnufyrirkomulagi og verið hefur.

Launataxtar nær greiddu kaupi

Með samningi þessum eru launataxtar færðir nær greiddu kaupi og er það gert í þremur áföngum. Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir taxtar á hjálögðu fylgiskjali sem gilda frá 1. júlí 2008, frá 1. mars 2009 og 1. janúar 2010.

Í þeim tilvikum að laun einstaklinga eru samsett af launataxta kjarasamnings og ráðningarsamningsbundum viðbótargreiðslum, hverju nafni sem þær nefnast, skulu

JH-7
Fón
ASK

A. GR HMK

viðbótargreiðslurnar lækka um sömu fjárhæð og taxtahækkuninni nemur. Launabreytingar skulu þó í engum tilvikum leiða til minni hækkunar heildarlauna en sem nemur launabreytingum skv. 3. gr. Sjá nánar meðfylgjandi bókun um taxtabreytingarnar.

3. gr.

Launapróunartrygging við gildistöku

Grunnhækkun heildarlauna skipverja sem voru í starfi hjá útgerðinni í janúar 2007 er 5,5%. Frá grunnhækkun dregst sú launahækkun sem skipverji hefur fengið frá 2. janúar 2007 til og með gildistöku sammingsins. Við samanburð launa skal miða við heildarlaun að meðtöldum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast.

Launabreytingar 1. mars 2009

Hinn 1. mars 2009 skulu laun starfsmanns breytast svo:

Grunnhækkun launa er 3,5%. Frá henni dragast hækkanir á launum starfsmanns eftir gildistöku þessa sammings til loka febrúar 2009. Við samanburð launa skal miða við heildarlaun að meðtöldum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast.

Launabreytingar 1. janúar 2010

Hinn 1. janúar 2010 skulu laun hækka um 2,5%.

4. gr.

Í stað greinar 1.5.1. – 1.5.2. komi:

Persónubundin laun

Þegar samið er um persónubundin laun verði tekið tillit til starfssviðs, árangurs, hæfni, starfsskipulags, vinnuálags og ábyrgðar í starfi og annarra sérgreindra þátta.

Skipverji á rétt á viðtali við útgerðarmann/yfirmann sinn einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Leitast skal við að niðurstaða viðtalsins liggja fyrir innan mánaðar.

Við flutning úr einni stöðu í aðra, á milli skipa eða verulegra breytinga á vinnuumhverfi skulu persónubundin laun endurskoðuð m.a. með tilliti til breytinga á starfssviði, vinnuálagi og ábyrgð.

Persónubundni samningurinn er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

Starfsmannasamtöl

Að minnsta kosti einu sinni á ári skulu útgerðarmaður og yfirvélstjóri fjalla um frammistöðu viðkomandi á liðnu ári og setja markmið fyrir næsta ár. Í framhaldi af því ræðir útgerðarmaður/yfirmaður við hvern og einn um frammistöðu hans á liðnu ári og markmiðssetningu fyrir næsta ár. Í starfsmannasamtölum á ekki að fjalla um laun.

5. gr.

Desember- og orlofsuppbót.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

Á árinu 2009 kr. 45.600.

Á árinu 2010 kr. 46.800.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

HAN
PM
ASIK
SR
MBS
A.
2

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008 verði orlofsuppbót kr. 24.300.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 verði orlofsuppbót kr. 25.200.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2010 verði orlofsuppbót kr. 25.800.

Desember- og orlofsuppbót innifela orlof, eru fastar tölur og taka ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum.

6. gr.

Orlof

Ný gerin 12.1.8. orðist svo:

Skipverji sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sömu kaupskipaútgærd öðlast hann að nýju hjá annarri kaupskipaútgærd eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

7. gr.

Veikinda- og slysalaun

Í stað greina 14.1.1. til 14.1.5. komi:

- 14.1.1. Yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður á fastlaunakerfi, sem verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slysa á rétt á launum svo lengi sem hann er óvinnufær skv. neðangreindum ákvæðum. Neðangreindur réttur til fastra umsamdra mánaðarlauna skv. ákvæðum gr. 1.7. í kjarasamningnum er heildarlaunaréttur sem komi í stað launaréttar skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Veikindi í frítíma teljast ekki til siglingartíma.
- 14.1.2. Fyrsta árið, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 2 mánuði.
Eftir 1 árs starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 3 mánuði.
Eftir 3 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 4 mánuði.
Eftir 5 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 6 mánuði.
Eftir 10 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 10 mánuði.
Eftir 15 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 12 mánuði.
- 14.1.3. Starfsmanni ber að tilkynna um fjarvistir vegna veikinda og slysa, skv. þeim reglum sem vinnuveitandi setur um fyrirkomulag tilkynningar.
- 14.1.4. Vinnuveitandi ákveður hvort læknisvottorðs sé krafist. Vinnuveitandi greiðir þau læknisvottorð sem hann óskar eftir, sé skilyrðum greinar 14.1.3. fullnægt.
Ef starfsmaður hefur verið óvinnufær samfelld í fjórar vikur ber honum að leggja fram læknisvottorð þar sem læknir tekur afstöðu til þess hvort starfsendurhæfing sé nauðsynleg til að ná eða flýta bata. Önnur vottorð eru ógild.

JT
Pön
ASK
ER
3
JK
R

8. gr.

Endurhæfingarsjóður

Viðbót við 21. kafla orðist svo:

Frá 1. júní 2008 greiða atvinnurekendur 0,13% í Endurhæfingarsjóð, sbr. yfirlýsingu ASÍ og SA sem fylgir samningi þessum.

9. gr.

Framlenging samnings

Samningurinn byggir á sömu forsendum og samningar landssambanda ASÍ frá því í febrúar 2008. Niðurstaða samningsforsendunefndar nær einnig til þessa samnings.

Reykjavík, 9. júlí 2008.

F.h. Félags vélstjóra og málmteknimanna

*Guðmundur Ragnason
Haldís Hjartardóttir
Jóhannsson*

F.h. Samtaka atvinnulífsins

*Jón - Tr. Magnússon
Pálmi Ólafur Magnússon
A. Skúlason*

JH 17

YFIRLÝSING UM ENDURHÆFINGARÞJÓNUSTU

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum misserum rætt saman um nýtt fyrirkomulag endurhæfinga. Samkomulag er um að hefja þróun þeirra á árinu 2008 með því að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmið aðila er að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.


Sérstakur sjóður, Endurhæfingarsjóður, verður stofnaður í því skyni að skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og greiða kostnaðinn af störfum þeirra og kostnaðinn af ráðgjöf fagaðila. Ennfremur mun Endurhæfingarsjóður hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu.

Miðað er við að í heild verði ráðstafað 0,39% af launum til Endurhæfingarsjóðs. Í fyrsta áfanga er samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um að leggja, í hverjum kjarasamningi fyrir sig, sérstakt 0,13% launatengt gjald, endurhæfingargjald, á launagreiðendur á sama gjaldstofn og iðgjald til lífeyrissjóða frá og með 1. júní 2008. Í öðrum áfanga sem hefst í ársbyrjun 2009 er miðað við að ríkissjóður leggi Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð og launagreiðendur samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í þriðja áfanga sem hefst í ársbyrjun 2010 munu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra greiði til Endurhæfingarsjóðs sama hlutfall og launagreiðendur. Ennfremur munu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins leita leiða til þess að aðrir lífeyrissjóðir greiði til Endurhæfingarsjóðs eftir því sem við á þannig að full framlög fái til sjóðsins vegna þeirra einstaklinga sem endurhæfingargjald er greitt af.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að setja Endurhæfingarsjóði 8 manna stjórn með 4 mönnum frá hvorum aðila. Hlutverk stjórnarinnar er að móta og þróa starfsemi sjóðsins, gera samninga um þjónustufulltrúa, við ráðgjafa og aðra aðila.

Greiðsluskylda launagreiðenda, sjúkrasjóða og lífeyrissjóða verður óbreytt en Alþýðusamband Ísland og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að breyta þurfi innihaldi læknisvottorða þannig að þau kveði á um vinnugetu og leið til endurkomu á vinnumarkað þegar viðkomandi einstaklingur hefur verið samfelld fjarverandi frá vinnu í fjórar vikur eða lengur. Greiðslur úr Endurhæfingarsjóði vegna endurhæfingar og annarra úrræða vegna einstaklinga geta hafist að loknu mati á þörfum viðkomandi aðila. Starfsemi á vegum Endurhæfingarsjóðs byggir á nánu samstarfi einstaklinganna sem í hlut eiga, fyrirtækjanna sem þeir vinna hjá, stéttarfélaganna, þjónustufulltrúanna, fagaðila og heilbrigðisþjónustunnar.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að vinna í sameiningu að þróun endurhæfingar og tryggja að framkvæmd þeirra verði sem árangursríkust. Í því skyni þarf eftir því sem við á að setja Endurhæfingarsjóði samþykktir og starfsreglur í samvinnu við stjórn sjóðsins og gefa út leiðbeiningar til starfsmanna, fyrirtækja og stéttarféлага um framkvæmdina.

 Hér
þín
ÁSK
SR
MS

Bókun um taxa nær greiddu kaupi.

Kjarasamningur aðila miðar að því að færa umsamda launataxa nær greiddu kaupi og er það gert í þremur áföngum, 1. júlí 2008, 1. mars 2009 og 1. janúar 2010. Af þessu leiðir að samsetning launanna breytist.

Greiðslur umfram kauptaxta kjarasamnings lækka á móti hærri kauptöxtum en minnsta hækkun skal þó vera í samræmi við ákvæði 3. gr. um launaþróunartryggingu. Engu skiptir hvaða nafni þær aukagreiðslur nefnast og hvort þær eru fastar eða breytilegar, tengdar afköstum eða öðru. Greiðslur umfram kauptaxta kjarasamnings eru t.d. fastar yfirvinnustundir, sérgreiðslur og álög. Greiðslur fyrir fastar yfirvinnustundir, sérgreiðslur og álög lækka á móti hærri kauptöxtum.

HER
þón
ASK
SR
M/S
K.

Gildir frá 1. júlí 2008

Fastlaunasamningar

		Sigldur mán.	Dagkaup	orlof
Yfirvélstjóri	A flokkur	611.051	20.368	10,17%
		618.927	20.631	11,59%
		626.970	20.899	13,04%
Yfirvélstjóri	B flokkur	690.083	23.003	10,17%
		698.977	23.299	11,59%
		708.060	23.602	13,04%
1. vélstjóri		605.877	20.196	10,17%
		613.686	20.456	11,59%
		621.660	20.722	13,04%
2. vélstjóri		545.734	18.191	10,17%
		552.768	18.426	11,59%
		559.950	18.665	13,04%
Vélavörður		396.321	13.211	10,17%
		401.429	13.381	11,59%
		406.646	13.555	13,04%

Gildir frá 1. mars 2009

		Sigldur mán.	Dagkaup	orlof
Yfirvélstjóri	A flokkur	641.604	21.387	10,17%
		649.874	21.662	11,59%
		658.318	21.944	13,04%
Yfirvélstjóri	B flokkur	724.587	24.153	10,17%
		733.926	24.464	11,59%
		743.463	24.782	13,04%
1. vélstjóri		636.170	21.206	10,17%
		644.370	21.479	11,59%
		652.743	21.758	13,04%

JHM
PDM
ASK
ER
///
D.

2. vélstjóri	573.020	19.101	10,17%
	580.406	19.347	11,59%
	587.948	19.598	13,04%
Vélavörður	416.137	13.871	10,17%
	421.501	14.050	11,59%
	426.978	14.233	13,04%

Gildir frá 1. janúar 2010

		Sigldur mán.	Dagkaup	orlof
Yfirvélstjóri	A flokkur	667.268	22.242	10,17%
		675.869	22.529	11,59%
		684.651	22.822	13,04%
Yfirvélstjóri	B flokkur	753.570	25.119	10,17%
		763.283	25.443	11,59%
		773.201	25.773	13,04%
1. vélstjóri		661.617	22.054	10,17%
		670.145	22.338	11,59%
		678.853	22.628	13,04%
2. vélstjóri		595.941	19.865	10,17%
		603.622	20.121	11,59%
		611.466	20.382	13,04%
Vélavörður		432.783	14.426	10,17%
		438.361	14.612	11,59%
		444.057	14.802	13,04%

Jón
 Þm
 ASIC
 ER
 HHL
 R.